



TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Tillaga um úttekt á stöðu ofbeldisvarnarmála - Útfærsla

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 30. júní s.l. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt á stöðu ofbeldisvarnarmála hjá Reykjavíkurborg. Slík úttekt miðar að því að fá heildstæða sýn á stöðu ofbeldisvarna hjá Reykjavíkurborg í víðu samhengi, ekki síst með hvaða hætti er staðið að gerð og miðlun fræðsluefnis. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.

Nánari útfærsla mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á tillögunni fer hér á eftir:

Lagt er til að úttektin sé unnin af óháðri fræðimanneskju. Viðkomandi fái frelsi til að útfæra hana með þeim hætti sem henni finnst skynsamlegast, hún nái þó til greiningar á eftirtöldu:

Ofbeldisvarnarfræðslu í skólum borgarinnar, gerð fræðsluefnis og miðlun þess.

Ofbeldisvarnarfræðslu sem tiltekin er í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi. Horft verði til þess hvernig staðið er að gerð fræðsluefnis og miðlun þess, t.d. á vegum verkefnisins Saman gegn ofbeldi og Öruggir skemmtistaðir.

Ofbeldisvarnarfræðslu til starfsfólks sem í störfum sínum getur átt á hættu að verða fyrir ofbeldi.

Hvernig skráningum á tilvikum eða tilkynningum vegna ofbeldis eða gruns þar um er hagað bæði innan borgarkerfisins og í þeim samstarfsverkefnum sem borgin er í.

Úttektinni verði skilað í lok janúar 2023.

Kostnaðarmat:

Áætlaður kostnaður er 1.6-3.2 milljónir.